

Ed.

### **393. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um sölu á prestsetrinu Presthólum (þingskj. 289).

Vjer sem háttvirt deild kaus í nefnd til að athuga frumvarp þetta, höfum kynt oss skjöl málsins og alla málavöxtu eftir því, sem hinn naumi tími og ann-riki okkar hefir leyft.

Höfum vjer eigi getað orðið sammála, og vill meiri hluti nefndarinnar, Guðjón Guðlaugsson og Steingrímur Jónsson ráða háttvirtri deild til að fella frum-varpið, en minni hlutinn, Sigurður Stefánsson, telur rjett, að jörðin verði seld kaupbeiðandanum sjera Halldóri Bjarnarsyni.

Par sem engar líkur eru til, að frumvarpið verði útrætt á þessu þingi, virðist meiri hlutanum eigi ástæða til að gera ítarlega grein fyrir ástæðum sínum

fyrir því, að fella beri frumvarp þetta, enda getum vjer í aðalatriðunum vísað til þess, sem fram var tekið við 1. umræðu málsins hjer í deildinni. Að eins viljum við leyfa okkur að benda á þetta: Vjer teljum mjög varhugavert, að löggjafarvaldið selji jarðeignir landsins frekar en fyrir er mælt í lögunum um sölu þjóðjarða og um sölu kirkjujarða.

Þá virðist oss, að taka beri tillit til þess, að sýslunefndin í Norður-Þingeyjarsýslu, sem haft hefir solumál þetta til meðferðar, samkv. 2. gr. kirkjujarðasölulaganna, hefir látið uppi það álit sitt, að eigi megi selja jörðina.

Loks litum vjer svo á, að naumast muni færðar sannfærandi ástæður fyrir því, að selja beri sjera Halldóri jörðina, þar sem hann er embættismaður með 2000 kr. fóstum launum, og hefir til ábúðar góða bújörð, þar sem hann verður að sitja, ef honum á að vera unt að þjóna hinu víðlenda Skinnastaða-prestakalli.

Alþingi 23. ágúst 1912.

Guðjón Guðlaugsson,  
formaður.

Steingrímur Jónsson,  
skrifari og framsögum. meiri hlutans.

Minni hlutinn mun gera grein fyrir álitinu sínu við umræðu málsins í deildinni.

Sigurður Stefánsson.